

## Umsögn

**Viðtakandi:** Sviðstjóri velferðarsviðs  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Efni: Viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots.

Óskað hefur verið eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið taki til umsagnar tillögu sviðstjóra velferðarsviðs um viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots. Samkvæmt tillögu velferðarsviðs er heildarfjárhæð nýs samnings 122.500.000 kr. á ársgrundvelli m.v árið 2022 en upphafleg samningsfjárhæð var 93.600.000 kr. Í kostnaðarmati velferðarsvið skiptist hækkunin eftirfarandi:

- 1) 25.400.000 kr. vegna niðurlagningu á störfum sjálfboðaliða og breyting á vaktaáætlun samkv. betri vinnutíma auk 15 mínútna daglegum stöðufundum.
- 2) 2.000.000 kr. vegna þess að bætt verður við stöðu teymisstýru sem verður í 50% starfi á vöktum og í 50% starfi í fagvinnu. Samhliða verði lagt niður 50% starf umsjónarkonu og 35% starf sem falist hefur í utanumhaldi með sjálfboðaliðum.
- 3) 1.600.000 kr. vegna hækkunar á launum forstöðukonu til samræmis við laun forstöðukonu í Gistiskýlinu Grandagarði.

Breytingar sem fela í sér hækkun	Fjárhæð
Niðurlagning á störfum sjálfboðaliða og breytingar á vaktafyrirkomulagi	25.400.000
Breytingar á starfi teymisstýru, umsjónarkonu og utanumhaldi sjálfboðal.	2.000.000
Hækkun á launum forstöðukonu	1.600.000
<b>Samtals</b>	<b>29.000.000</b>

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið gögn málsins og gerir ekki athugasemdir við framangreint kostnaðarmat vegna launabreytinga. Tekið er tekið mið af breyttu vaktaalagi, desember- og orlofsuppbóta, sumarafleysingu í 3 mánuði og launatengdum gjöldum.

Í fjárhagsramma velferðarsviðs vegna 2022 er fjárheimild vegna Konukots 97.941.103 kr. og hefur hækkað um rúmar 4 m.kr. frá fyrra ári. Mat FAS er því að viðbótarfjárheimild sem þörf er á vegna breytt samnings sé því mismunur á nýjum samningi og áætlun vegna ársins 2022, þ.e. 122.500.000 kr. – 97.941.103 kr. eða **24.558.897 kr.**

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.